

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 27. október 2021

Mál nr. S-1087/2021:

Héraðssaksóknari

(Anna Barbara Andradóttir, settur saksóknari)

gegn

Davíð Nikulássyni

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður)

Dómur:

Mál þetta, sem tekið var til dóms 1. september sl., höfðaði héraðssaksóknari með ákæru 6. maí 2021 á hendur ákærða, Davíð Nikulássyni, kt. [...], [...], [...];

„fyrir eftirtalin brot framin laugardaginn 31. október 2020 að [...] í [...]:

1. Tilraun til manndráps, með því að hafa ítrekað lagt til Y með exi með 8 cm löngu blaði, í höfuð og bók, allt með þeim afleiðingum að hann hlaut opinn 7 cm skurð frá miðju enni að hársrót, brot á höfuðkúpu og andlitsbeinum, áverkainnanbastsblæðingu, 5 cm skurð neðar á enni, 5 cm skurð hægra megin á brjóstakassa og 6-7 cm skurð á hægri upphandlegg.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Vopnalagabrot, með því að hafa haft í vörslum sínum hníf með 17 cm blaði, hníf með 13,5 cm blaði, tvo kasthnífa, fjaðrahníf og sverð, sem lögregla lagði hald á við leit í herbergi ákærða.

Telst þetta varða við a., b., d. og e-lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Krafist er upptöku á hníf með 17 cm blaði, hníf með 13,5 cm?? blaði, tveimur kasthnífum, fjaðrahníf, sverði, skotgeymi, tveimur skotum og þremur öxum með vísan til 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998 og 1. mgr. 69. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

Kröfur brotþola:

Af hálfu brotaþola, Y, er í málinu gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til að greiða honum miskabætur að fjárhæð 5.000.000 króna, ásamt vöxtum af þeirri fjárhæð, sbr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 31. október 2020, en dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá 6. júní 2021 til greiðsludags. Þá krefst brotaþoli málskostanaðar úr hendi ákærða.

Kröfur ákærða:

Ákærði krefst þess aðallega að honum verði ekki gerð sérstök refsing í málinu. Til vara krefst ákærði þess að refsing hans verði ákveðin svo væg sem lög frekast heimila. Hvað bótakröfu brotaþola varðar krefst ákærði þess aðallega að kröfunni verði vísað frá dómi en til vara að krafan verði lækkuð. Þá krefst verjandi ákærða þóknunar sér til handa úr ríkissjóði.

I

Málsatvik eru þau að laugardagskvöldið 31. október 2020, um kl. 19:23, barst lögreglu tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra um slasaðan mann, brotaþola í máli þessu, að [...] í [...]. Í tilkynningunni kom fram að brotaþoli væri með áverka á höfði og að ákærði væri grunaður um að hafa veitt honum áverkana með öxi.

Lögregla fór þegar á vettvang og þegar hana bar að garði stóð brotaþoli fyrir utan [...] ásamt tveimur öðrum íbúum þess. Í frumskýrslu lögreglu segir að brotaþoli hafi greint lögreglu frá því að ákærði hefði slegið hann í höfðið með öxi. Í skýrslunni kemur einnig fram að brotaþoli hafi verið með stóran skurð á höfði, sem mikið hafi blætt úr, og hafi hann verið þakinn blóði í andliti og niður líkamann. Brotaþoli hafi verið með fulla meðvitund og getað staðið í lappirnar en þó verið heldur óstöðugur. Hafi brotaþoli sagst vera búinn að drekka töluvert áfengi og taka inn amfetamín. Skömmu síðar hafi sjúkralið mætt á vettvang og brotaþoli í kjölfarið verið fluttur á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi til aðhlyningar.

Lögregla náði fljótlega símasambandi við ákærða þar sem hann var staddur í herbergi sínu að [...]. Ákærði var samvinnuþýður við lögreglu og gaf sig fram án mótspyrnu. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að sjá hafi mátt blóð á höndum ákærða og fatnaði sem hann klæddist. Var ákærði handtekinn og vistaður í fangageymslum. Þar var blóðsýni dregið úr ákærða í þágu rannsóknar málsins, auk þess sem fatnaður er hann var í var haldlagður.

Við rannsókn lögreglu á vettvangi kom í ljós að frá útidyrum [...] lá blóðslóð eftir ganginum og að herbergi sem ákærði hafði á leigu. Segir í skýrslu lögreglu að í

herberginu hafi blóðkám verið á víð og dreif, á hurðarkarmi, á vegg og sængurfötum. Blóðdropar hafi verið á gólfi og úti horni og við endann á rúmi ákærða hafi verið blóðpollur. Í borðplötu skrifborðs í herberginu hafi öxi staðið föst og hafi mátt greina blóð á skafti hennar. Öxin hafi verið haldlögð í þágu rannsóknar málsins. Við leit í herbergi ákærða hafi tvær aðrar axir jafnframt verið haldlagðar og einnig heimasníðað sverð, tveir hnífar í slíðri, tveir kasthnífar, fiðrildahnífur, magasín með tveimur skotum í og eftirlíking af handsprengju.

Á meðan lögregla var á vettvangi birtist þar A sem lögreglu var tjáð að verið hefði inni í herbergi ákærða ásamt brotþola er meint árás átti sér stað. A reyndist vera í annarlegu ástandi. Þá taldi lögregla sig sjá hvítar efnisleifar í nösnum hans og finna af honum kannabislykt. Við öryggisleit reyndist A vera með bæði kannabisefni og hvítt efni í fórum sínum. Ákvað lögregla því að handtaka hann og færa hann á lögreglustöð þar sem tekin var af honum skýrsla með réttarstöðu sakbornings vegna málsins. Við skýrslugjöfina neitaði A í fyrstu að tjá sig. Síðar í skýrslutökunni sagðist hann hins vegar hafa séð blóðugan mann í rúminu í herbergi ákærða. Hvernig það atvikaðist að maðurinn varð blóðugur kvaðst hann ekki vita. Neitaði A aðspurður að hafa séð ákærða slá öxi í höfuð mannsins. Skýrsla var tekin af A sem vitni hjá lögreglu 19. janúar 2021 og neitaði hann þá alfarið að tjá sig um málsatvik.

Hinn 1. nóvember 2020 var tekin skýrsla af ákærða vegna málsins. Lýsti ákærði málsatvikum svo að brotþoli hefði komið inn í herbergi hans og verið drukkinn og æstur. Brotþoli hefði síðan dregið öxi upp úr poka sem hann hefði haft meðferðis og tekið að slá henni í borð í herberginu, ásamt því að öskra og æpa. Ákærði hefði freistað þess að afvopna brotþola, sem honum hefði tekist, en við það hefði brotþoli lent með höfuðið á öxinni. Sagði ákærði um óhapp hafa verið að ræða. Brotþoli hefði í kjölfarið sest í rúm ákærða og sagt að þetta skyldi hann ekki gera aftur. Brotþoli hefði síðan staðið upp aftur og yfirgefið herbergið.

Ákærði gaf skýrslu að nýju fyrir lögreglu 11. janúar 2021. Kom þá fram hjá honum að brotþoli hefði verið mjög drukkinn umrætt sinn. Hann hefði verið með öxi og ógnandi í framkomu. Brotþoli hefði slegið öxinni í mun úr fílabeini á borði ákærða og ákærði í framhaldinu reynt að afvopna hann. Í átökum þeirra um öxina hefði hún rekist í höfuð brotþola. Eftir það hefði brotþoli sest á rúm ákærða, beðið hann um að gera þetta ekki aftur og síðan yfirgefið herbergið. Framburð brotþola um að ákærði hefði slegið brotþola í höfuðið með öxinni sagði hann rangan og ítrekaði ákærði að þeir hefðu verið

að togast á um öxina þegar hún rakst í höfuð brotaþola. Ekki hefði verið um högg að ræða.

Brotapoli gaf skýrslu vegna málsins hjá lögreglu 3. nóvember 2020. Kom fram hjá brotaþola að þegar hann hefði verið inni í herbergi ákærða hefði ákærði ítrekað keyrt öxi í borðplötu. Brotapoli hefði tekið öxina af ákærða en ekki tekist betur til en svo að hann hefði rekið öxina í ógáti í mun úr fílabeini, sem var á borðinu, þannig að úr honum kvarnaðist. Við það hefði ákærði reiðst mjög. Brotapoli hefði lagt öxina á borðið og ákærði framhaldinu tekið hana upp að nýju. Hann hefði síðan mölbrotið vodkaflösku sem brotaþoli hélt á í kjöltu sinni með öxinni. Brotapoli hefði ætlað að fara út úr herberginu en ákærði þá reitt til höggs með öxinni og keyrt hana í höfuð brotaþola. Í kjölfarið hefði brotaþola tekist að komast út úr herberginu.

II

Við upphaf aðalmeðferðar málsins 1. september sl. neitaði ákærði sök samkvæmt ákærulið 1 en játaði sök samkvæmt ákærulið 2. Þá hafnaði ákærði bótakröfu brotaþola.

Í skýrslu sinni fyrir dómi lýsti ákærði málsatvikum svo að hann hefði að kvöldi 31. október 2020 verið inni í herbergi sínu að [...] í [...] þegar brotaþoli hefði komið þangað inn, en brotaþoli hefði á þessum tíma einnig verið búsettur að [...]. Ákærði sagðist hafa sýnt brotaþola ýmsa muni sem hann hefði verið með í herberginu. Flesta þeirra muna hefði hann geymt í kassa undir rúmi sínu. Um hefði verið að ræða vopn, hringbrynju, hulstur, belti og aðra muni sem tengst hefðu aðild ákærða að [...], jafnvel fleiri en ein, hefði verið meðal vopnanna, en um hefði verið að ræða sýningargripi. Brotapoli hefði skoðað munina og líklega handleikið öxina.

Ákærði bar að brotaþoli hefði dvalið í nokkurn tíma í herbergi hans, í um 30-60 mínútur að því er ákærði taldi. Ákærði kvað brotaþola hafa reglulega fengið sér að drekka úr 1 lítra vodkaflösku sem hann hefði haft meðferðis og hefði ákærði einnig sopið nokkrum sinnum af flöskunni. Þegar á leið hefði brotaþoli farið að láta dólgslega og hann meðal annars tekið upp öxi. Ákærði hefði reynt að fá brotaþola til þess að fara út úr herberginu en það gengið illa. Um tíma hefði komið þangað inn pólskur maður sem reynt hefði að koma einhverju tauti við brotaþola, en án árangurs. Þegar hann var farinn hefði brotaþoli byrjað að slá með öxinni í skrifborð í herberginu. Hann hefði einnig slegið með öxinni í stytta sem bæði hefði verið verðmæt og haft tilfinningalegt gildi fyrir ákærða. Ákærði sagðist hafa litið á framgöngu brotaþola sem ógn, bæði gagnvart sér og heimili sínu. Í kjölfarið hefði ákærði reynt að afvopna brotaþola og þá komið til átaka þeirra á

milli. Í átökunum hefði öxin rekist í enni brotapolu. Þegar það gerðist hefðu brotapolu og ákærði báðir haldið um öxina. Ákærði sagði um óhapp hafa verið að ræða og fullyrti að hann hefði engan ásetning haft til þess að skaða brotapolu. Það hefði verið upplifun ákærða að ekki hefði verið um mikið högg að ræða og lítið hefði sést á brotapolu, einungis skráma eða lítill skurður. Aðra áverka kannaðist ákærði ekki við að brotapolu hefði hlotið og gat hann aðspurður engar skýringar gefið á tilurð þeirra áverka sem brotapolu var með við skoðun síðar um kvöldið. Ákærði neitaði að hafa lagt til brotapolu með öxinni en kvaðst hafa þurft að beita talsverðu afli til þess að ná henni af brotapolu. Eftir þetta hefði brotapolu setið í stutta stund á rúmi ákærða, hann muldrað eitthvað en síðan staðið upp og gengið úr úr herberginu. Ákærði sagðist hafa horft á eftir brotapolu og séð hann fara út ganginn og í átt að herbergi sínu. Ákærði hefði því næst lokað að sér, enda verið dauðfeginn að losna við brotapolu.

Fram kom hjá ákærða að hann væri leiður vegna þess sem gerðist. Ákærði sagðist hvorki bera, né hafa borið, þungan hug til brotapolu og hann ekki viljað honum neitt illt. Umrædd uppákoma hefði ekki orðið ef brotapolu hefði ekki komið inn í herbergi ákærða og orðið þar ofurölvi. Þau vopn sem í herbergi ákærða fundust kvað hann ekki undir neinum kringumstæðum hafa verið ætluð til þess að beita þeim gegn öðru fólki.

Ákærði bar fyrir dómi að hann væri búinn að vera allsgáður í þrjá mánuði. Hann væri búsettur á meðferðarheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Þar væri hann búinn að dvelja í rúma tvo mánuði. Ákærði kvaðst vilja búa þar eins lengi og unnt væri en framtíðarbúseta hans væri óljós. Ákærði kvaðst á sínum yngri árum hafa lokið BS-gráðu í líffræði við Háskóla Íslands. Fyrir um 20 árum hefði á hann verið ráðist og honum veitt höfuðhögg. Við höggið hefði ákærði hlotið varanlegan framheilaskaða. Sá áverki hefði haft margvíslegar afleiðingar fyrir ákærða. Hann glímdi við flogaveiki, væri um margt gleyminn og ætti erfitt með að halda skipulagi. Þá hefði ákærði ítrekað á undanförunum árum, eftir að hann hlaut nefndan áverka, verið lagður inn á spítala vegna andlegra veikinda og verið greindur með áfallastreituröskun.

III

Y, brotapolu í málinu, kvaðst hafa verið inni í herbergi ákærða að [...] umrætt kvöld og hefðu þeir verið að drekka.

Brotapolu sagði ákærða hafa staðið í þeirri meiningu að lyfjum hefði verið stolið af honum. Einnig hefði hann saknað lykla. Ákærði hefði orðið leiðinlegur og tekið að höggva með múróxi í borðplötu. Var á brotapolu að skilja að hann hefði tekið öxina af

ákærða og lagt hana á borðið. Við það hefði brotþoli í ógáti skemmt útskorna stytta í eigu ákærða, sem hann sagði mögulega hafa verið úr fílabæini. Við það hefði ákærði orðið mjög reiður, „... það sauð alveg á honum, þetta var mikill gripur fyrir honum.“ Brotþoli hefði í kjölfarið sest í rúm ákærða, teygt sig eftir vodkaflösku og haldið henni í kjöltu sinni þegar ákærði hefði mölbrotið flöskuna. Ákærði hefði síðan hafið öxi á loft, aðra en þá sem hann hefði áður beitt á borðið, og brotþoli þá beygt sig niður og verið „... að bíða eftir því að öxin kæmi.“ Ákærði hefði í kjölfarið slegið brotþola með öxinni, „eins og böðull“, og hefði öxin hrokkið niður á bringu brotþola og skorið hann þar. Við skýrslugjöf sína sýndi brotþoli með látbragði hvernig öxin hefði fyrst farið í höfuð hans, nærri hárlínu, og síðan niður á bringu. Brotþoli kvaðst í framhaldinu hafa staðið upp og hlaupið út úr herberginu. Þegar þetta gerðist sagði brotþoli þriðja aðila, A að nafni, hafa verið inni í herberginu.

Aðspurður neitaði brotþoli því að ákærði hefði einhvern tímann í atburðarásinni í herberginu þetta kvöld beðið hann um að fara. Framburð ákærða um að það hefði verið brotþoli sem hefði slegið öxinni í borðið og verið æstur sagði brotþoli rangan. „Þetta var akkúrat öfugt, alveg 100% prósent.“ Þá neitaði brotþoli því aðspurður að hafa haft uppi tilburði til þess taka öxina af ákærða áður en hann sló brotþola.

A sagðist fyrir dómi ekkert geta borið um atvik máls. Vitnið bar á sömu lund þegar skýrsla var tekin af því sem vitni á rannsóknarstigi málsins.

B rannsóknarlögreglumaður bar fyrir dómi að hann hefði rætt við brotþola á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi umrætt kvöld. Vitnið kvað brotþola hafa verið nokkuð illa haldinn og hann verið nýkominn úr sneiðmyndatöku þegar vitnið ræddi við hann. Fram hefði komið hjá brotþola að ákærði hefði verið búinn að vera ógnandi í framkomu dagana á undan og verið að ógna mönnum með öxi. Þegar brotþoli hefði verið inni í herbergi ákærða hefði ákærði barið öxi í borð og brotið vodkaflösku. Í kjölfarið hefði hann slegið brotþola í höfuðið með öxinni.

C, sérfræðingur hjá tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, kom fyrir dóm og skýrði og staðfesti þau rannsóknargögn sem hann vann undir rannsókn málsins. Vitnið sagði blóðblett á skefti haldlagðrar öxi hafa verið samkenndan við ákærða. Eins hefði verið með stroksýni sem tekið hefði verið af skeftinu. Stroksýni af egg axarinnar hefði hins vegar verið samkennt við brotþola. DNA brotþola hefði ekki fundist á skefti axarinnar en vitnið tók fram í því sambandi að á því hefði komið fram viðbótar DNA,

þ.e. DNA einhvers annars aðila, sem ekki hefði verið í nægjanlegu magni til samkenningar.

IV

A

Samkvæmt vottorði D, sérfræðings á slysa- og bráðadeild, dagsettu 5. nóvember 2020, var brotþoli við komu á deildina 31. október 2020 blóðugur um andlit, höfuð og efri hluta líkamans. Við skoðun reyndist brotþoli vera með skurð sem náði nánast frá miðju enni og áleiðis upp í hársrót. Var skurðurinn um 7 cm langur og þurfti að sauma 13 spor til að loka honum. Aðeins neðar á enni var brotþoli með skurð sem var að hluta opinn en að hluta eins og rispa. Af því sári var saumaður 3 cm kafli með fimm sporum. Brotþoli var enn fremur með sár hægra megin framan á brjóstakassa. Var það sár að hluta til rispa og að hluta til skurður og var 2 cm skurði lokað með þremur sporum. Þá var brotþoli með 5 cm skurð utanvert á hægri upphandlegg. Þeim skurði var lokað með sjö sporum. Á miðjum framhandlegg var síðan 1,5 cm rispa sem búið var um en ekki þurfti að sauma.

Á sneiðmynd sem tekin var af höfði brotþola kom í ljós brot í ennisbeini, undir fyrrgreindum skurði á enni hans. Undir sárinu mátti þannig sjá brotflaska úr innra borði höfuðkúpu og svolítið loft. Einnig var merkjanleg svolítil blæðing þar undir, innan kúpu.

D gaf skýrslu fyrir dómi og staðfesti og skýrði vottorð sitt. Vitnið kvaðst hafa skoðað brotþola á slysa- og bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss í Fossvogi 31. október 2020. Vitnið sagði brotþola hafa verið með 4-5 skurði á höfði, bol og handlegg og hefði skurður á höfði, sem legið hefði frá miðju enni, reynst vera alvarlegasti áverkinn við nánari skoðun. Skurðir á handlegg og bol hefðu verið grynri. Tekin hefði verið sneiðmynd af höfði brotþola og á henni hefði komið í ljós brot í ennisbeini undir þeim skurði. Vegna þess áverka hefði vakthafandi heila- og taugaskurðlæknir tekið við meðferð brotþola. Aðspurt sagði vitnið ekkert hafa komið fram við skoðun þess sem mælti gegn því að lýsing brotþola á atvikum væri rétt.

Í ljósi ástands brotþola við komu á slysa- og bráðadeild sagði læknirinn áverka brotþola sennilega ekki hafa verið lífshættulega „... en auðvitað við högg af þessu tagi þá hlýtur hending að ráða ... hversu þungt höggið er ...“ og hvaða afleiðingar verða af því. Fyrirnefndan áverka á höfði kvað vitnið mjög trúlega hafa komið til vegna höggs en „... það þarf jú dálítið högg til að brjóta höfuðkúpu.“

Í málinu liggur einnig frammi vottorð E, heila- og taugaskurðlæknis, dagsett 21. janúar 2021. Samkvæmt vottorðinu var brotaþoli mjög blóðugur í andliti og hári við komu á bráðamóttöku. Nokkuð langur skurður, um 7 cm, var vinstra megin frá miðju enni, sem náði aðeins lengra en hárlínan, með mjög skörpum brúnum. Neðar á enni var um 5 cm langur skurður, einnig með skarpar brúnir. Storknað blóð sást í munni og á tungu. Hægra megin á brjóstakassa var um 5 cm langur skurður. Þá var um 6-7 cm langur skurður með skörpum brúnum ofarlega á hægri upphandlegg. Tölvusneiðmynd af höfuðkúpu sýndi brot í ennisbeini frá nefrót upp á við og til vinstri sem náði aftur á við til móts við ytri eyrnagang vinstra megin. Kvarnast hafði upp úr beininu á kafla þar og örlitlar beinflísar sáust undir húð. Samkvæmt vottorðinu var þessi áverki á sama stað og lengri skurðurinn á höfði brotþola. Fyrir innan höfuðkúpuna sást á tölvusneiðmyndinni þunn blæðing undir hörðu heilahimnunni og einnig fyrir innan hana.

Í niðurlagi vottorðs læknisins segir svo: „*Brotapoli* hafði fengið högg á höfuðið með eggvopni og sáust greinileg merki þessa við komu á bráðamóttöku. Ummerki sáust að utan og einnig við tölvusneiðmynd. Fullyrði ég að um stórhættulegan áverka hafi verið um að ræða fyrir líf og heilsu [...] *brotapola* en betur fór þó en hefði getað orðið raunin.“

E kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins og skýrði og staðfesti vottorð sitt. Vitnið sagði höfuðáverka brotþola sem slíkan hafa sett brotþola í lífshættu en það að ekki hefði orðið meira úr blæðingu en raun bar vitni hefði gert það að verkum að brotaþoli var ekki í lífshættu þegar nokkrar klukkustundir voru liðnar frá því brotaþoli hlaut áverkann en blæðingin hafði þá stöðvast. Spurt um hvort beita þyrfti afli til þess að brjóta höfuðkúpuna með öxi svaraði vitnið því til „... að það þarf að vera einhver sveifla á henni.“

Vitnið sagðist ekki hafa fengið brotaþola til skoðunar síðar. Fram kom hjá vitninu að þó svo blæðingar hefðu ekki orðið markverðar í tilviki brotþola þá geti högg sem þetta og hristingurinn á heilann almennt skilið eftir sig mein sem fylgi viðkomandi til framtíðar. Vitnið hefði hins vegar ekki vitneskju um það hvernig brotaþola farnaðist hvað það varðaði.

B

Undir rannsókn málsins vann F réttarmeinafræðingur matsgerð, dagsetta 9. desember 2020, vegna áverka brotþola. Hinn 5. febrúar 2021 skilaði F viðbótarsvari við matsgerð sína. Í hinni réttarlæknisfræðilegu matsgerð eru áverkar brotþola tíundaðir í samræmi við það sem fram kemur í áðurröktum vottorðum D, sérfræðings á slysa- og

bráðadeild, og E, heila- og taugaskurðlæknis. Í matsgerðinni segir að á tölvusneiðmynd af höfði, sem tekin hafi verið 31. október 2020, hafi sést ótilfært brot vinstra megin í ennisbeini sem teyggt hafi sig aftur á bak í vinstra hvirfilsbein og niður í vegg ennisholanna að framan. Jafnframt hafi sést minniháttar loft innanvert í höfuðkúpunni, vinstra megin, og fersk blæðing innanvert í höfuðkúpu. Einnig hafi sést blæðing í innra byrði höfuðleðursins, vinstra megin á enni, og slímhúðarþykknanir í hægri kinnholu.

Í matsgerð F segir að skurðir á enni brotaþola hafi verið ferskir og hafi þeir vel getað komið til 31. október 2020. Myndir af stærri og efri skurði á enni, lýsingar meðferðarlæknis á bráðamóttöku og frásögn brotaþola taldi réttarmeinafræðingurinn sterklega benda til þess að um hafi verið að ræða tvíþættan kraft, annars vegar sljóan kraft og hins vegar skarpan kraft, sem oft sjáist við högg með þungu eggvopni, til dæmi öxi. Í viðbótarsvari við matsgerðina segir að telja megi að þurft hafi töluverðan kraft til að valda slíkum áverka sem samanstaðið hafi af 7 cm löngum skurði í gegnum höfuðleðrið með undirliggjandi opnu höfuðkúpubroti, örlitlu lofti innanvert í höfuðkúpu og blæðingu undir, og mögulega yfir, heilabastinu. Ólíklegt megi teljast að nægur kraftur hafi getað myndast til að valda áverkanum við það að brotaþoli hafi lent með höfuðið á öxinni. Það sé mun líklegri skýring að meiri hreyfing hafi verið á öxinni og hún lent af krafti á höfði brotaþola og að um hafi verið að ræða aktífan kraft, það er að segja að öxinni hafi verið beitt á brotaþola. Ekkert sé hins vegar hægt að fullyrða um hvort neðri áverki á enni hafi komið til vegna átaka eða hvort brotaþoli hafi lent á öxinni og/eða hníf þar sem sá áverki sé töluvert grynri. Sú staðreynd að tveir skurðir hafi verið á höfði brotaþola, auk áverka á hægri upphandlegg og á brjósti, kveður réttarmeinafræðingurinn einnig benda til þess að veist hafi verið að brotaþola með endurteknum ákomum. Það sé ólíklegra að hann hafi endurtekið fyrir óheppni lent á öxinni og/eða hníf.

Skurð/stungusár á hægri upphandlegg og hægra megin á brjósti kveður réttarmeinafræðingurinn bæði hafa verið fersk og þau orðið við skarpan kraft. Útlit áverkanna á myndum hafi ekki gefið möguleika á að ákvarða hvort um væri að ræða skurð- eða stungusár. Ekki væri hægt að ákvarða með vissu hvort allir áverkarnir hefðu verið af völdum axar eða hvort einnig hafi verið notast við önnur eggvopn eins og hníf, sem nefnt sé sem möguleiki í lögregluskýrslu.

Réttarmeinafræðingurinn segir áverka brotaþola ekki hafa verið lífshættulega og hefði hann allan tímann verið með meðvitund og stöðugur í lífsmörkum. Sérfræðingurinn tekur þó fram í matsgerð sinni að áverkinn á höfði brotaþola, með undirliggjandi opnu

höfuðkúpubroti, blæðingu undir heilabastinu og mögulega einnig yfir heilabastinu, hafi án læknisfræðilegrar meðferðar hafa getað þróast til lífshættulegs ástands. Hinir áverkarnir voru að mati réttarmeinafræðingsins hvorki einir og sér né saman lífshættulegir. Í matsgerðinni er hins vegar tekið fram að það að veitast að höfði eða brjósti manns með öxi geti haft lífshættulegar afleiðingar.

F kom fyrir dóm og skýrði og staðfesti matgerð sína. Sérstaklega aðspurt út í þann framburð ákærða að brotþoli hefði hlotið títtnefndan áverka á miðju enni sínu við það að öxi hefði hrokkið í höfuð hans þegar hann og ákærði voru að takast á um öxina kvaðst vitnið telja það frekar ósennilegt og tók vitnið fram í því sambandi að til þess að rjúfa bæði yfirborð húðarinnar og valda beinbroti þyrfti umtalsverðan kraft. Það væri þó ekki hægt að útiloka, frekar en annað í réttarlæknisfræði.

C

G geð- og embættislæknir var dómkvaddur 1. nóvember 2020 til að framkvæma geðrannsókn á ákærða. Í matsgerð læknisins, dagsettri 25. nóvember 2020 kemur fram að ákærði sé greindur með ...

Um það álitaefni hvort ákærði hafi verið sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á verknaðarstundu segir í niðurlagi matsgerðarinnar að ákærði hafi miðað við sögu verið undir áfengisáhrifum á verknaðarstundu en einnig í vissum fráhvörfum frá lyfinu Rivotril. Hann hafi hins vegar getað lýst atburðarás og þeirri ætlan sinni að koma árásarþola (*brotþola*) út úr herbergi sínu. Ákærði hafi séð fyrir sér að hann gæti komið manningnum út vegna líkamlegra burða sinna. Ákærði hafi séð fyrir sér að mögulega myndi sá aðili slasast en hann ekki gert ráð fyrir þeirri atburðarás sem síðar hafi orðið. Matsmaður telji í ljósi þessa liggja fyrir að 15. gr. almennra hegningarlaga eigi ekki við í málinu.

Hvað það álitaefni varði hvort ástand ákærða hafi á verknaðarstundu 31. október 2020 verið með þeim hætti að 16. gr. almennra hegningarlaga hafi átt við um hann og hvort refsing geti borið árangur vísar matsmaður til þess að fyrir liggja að ákærði sé með ... Miðað við sögu ákærða hafi ofbeldishegðun hans fyrst og fremst tengst neyslu hans á áfengi og í ljósi þess að hann viti hvað hann var að gera og hvað hann ætlaði sér miðað við lýsingu endurtekið fyrir matsmanni verði að ætla að refsing geti borið árangur, enda ljóst að haldist ákærði frá áfengi og/eða vímuefnum sé hættan af honum verulega minni.

Matsmaður telur ljóst að refsing geti borið árangur eins og hann lýsi líðan sinni 2. og 3. nóvember 2020. Ætla verði að fari svo að hann verði dæmdur til fangelsisvistar

myndi hann haldast endrú og þannig fá umtalsverða bót gagnvart hvatvísi sinni og það stuðlað að því að hann kæmist á réttari braut til framtíðar.

G kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins og staðfesti og skýrði matsgerð sína.

V

Ákæruliður 1:

Í þessum ákærulið er ákærða gefin að sök tilraun til manndráps með því að hafa 31. október 2021, að [...] í [...], ítrekað lagt til brotþola með öxi í höfuð og bók, allt með þeim afleiðingum að hann hlaut opinn 7 cm skurð frá miðju enni að hársrót, brot á höfuðkúpu og andlitsbeinum, áverkainnanbastsblæðingu, 5 cm skurð neðar á enni, 5 cm skurð hægra megin á brjóstkassa og 6-7 cm skurð á hægri upphandlegg. Ákærði neitar sök.

Samkvæmt skýrslu sem B rannsóknarlögreglumaður ritaði, dagsettri 13. janúar 2021, mátti á upptökum úr eftirlitsmyndavélakerfi hússins að [...] sjá brotþola fara inn í herbergi það sem ákærði hafði til umráða í húsinu kl. 19:00. Um 18 mínútum síðar mátti sjá vitnið A koma út úr herberginu og brotþola koma í kjölfar hans, slasaðan á höfði. Kl. 19:27 mátti síðan sjá ákærða koma út úr herberginu að skipan lögreglu og var hann handtekinn í kjölfarið.

Með vísan til ofangreinds myndefnis og framburðar ákærða og brotþola má slá því föstu að laust eftir kl. 19:00 voru ákærði og brotþoli saman í herbergi ákærða. Þá liggur fyrir með framlögðum rannsóknarniðurstöðum Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, dagsettum 12. nóvember 2020, að ákærði og brotþoli voru báðir ölvaðir er atvik máls gerðust.

Rétt þykir að geta þess að það sem fram kemur í tilvitnaðri skýrslu B, framburður brotþola og að nokkru vætti vitnsins A fyrir lögreglu, bendir eindregið til þess að vitnið hafi verið statt inni í herberginu þegar atvik máls gerðust. Þegar vitnið gaf skýrslu með stöðu grunaðs manns hjá lögreglu neitaði það í fyrstu að tjá sig. Síðar í skýrslutökunni sagðist vitnið hins vegar hafa séð blóðugan mann í rúminu í herbergi ákærða. Hvernig það atvikaðist kvaðst vitnið hins vegar ekki vita. Neitaði vitnið aðspurt að hafa séð ákærða slá öxi í höfuð mannsins. Þegar skýrsla var tekin af A sem vitni hjá lögreglu 19. janúar 2021 og við aðalmeðferð málsins fyrir dómi sagðist hann hins vegar ekkert geta borið um málsatvik.

Upplýst er með framlögðum rannsóknargögnum lögreglu og þeim læknisfræðilegu gögnum sem reifuð eru í IV. kafla dómsins að brotþoli hlaut áverka er hann dvaldi inni

í herbergi ákærða umrætt kvöld. Í II. kafla dómsins er reifuð lýsing ákærða fyrir dómi á málsatvikum. Bar ákærði að brotþoli hefði farið að láta dólgslega inni í herberginu og hann meðal annars tekið upp öxi. Ákærði hefði reynt að fá brotþola til þess að fara út úr herberginu en það gengið illa. Brotþoli hefði síðan byrjað að slá með öxinni í skrifborð í herberginu og hann síðan slegið með henni í stytta, sem bæði hefði verið verðmæt og haft tilfinningalegt gildi fyrir ákærða. Ákærði sagðist hafa litið á framgöngu brotþola sem ógn, bæði gagnvart sér og heimili sínu, og hann því reynt að afvopna hann. Í kjölfarið hefði komið til átaka þeirra á milli og í þeim hefði öxin rekist í enni brotþola. Þegar það gerðist hefðu brotþoli og ákærði báðir haldið um öxina. Ákærði sagði að um óhapp hefði verið að ræða og fullyrti að hann hefði engan ásetning haft til þess að skaða brotþola. Taldi ákærði að ekki hefði verið um mikið högg að ræða og hefði lítið sést á brotþola eftir það, einungis skrúma eða lítill skurður. Aðra áverka kannaðist ákærði ekki við að brotþoli hefði hlotið.

Brotþoli lýsti atvikum inni í herberginu með allt öðrum hætti en ákærði. Hann sagði ákærða hafa orðið leiðinlegan og hann tekið að höggva með múróxi í borðplötu. Var á brotþola að skilja að hann hefði í kjölfarið tekið öxina af ákærða og lagt hana á borðið en við það hefði hann í ógáti skemmt útskorinn mun í eigu ákærða. Ákærði hefði reiðst mjög við það. Brotþoli hefði í kjölfarið sest í rúm ákærða, teygt sig eftir vodkaflösku og haldið henni í kjöltu sinni. Ákærði hefði þá mölbrotið flöskuna. Hann hefði síðan hafið öxi á loft, aðra en þá sem hann hefði áður beitt á borðið, og brotþoli þá beygt sig niður og verið „... að bíða eftir því að öxin kæmi.“ Ákærði hefði í kjölfarið slegið brotþola með öxinni, „eins og böðull“ eins og brotþoli orðaði það, og hefði öxin hrokkið niður á bringu brotþola og skorið hann þar. Sýndi brotþoli með látbragði fyrir dómi hvernig öxin fór fyrst í höfuðið, nærri hárlínu, og síðan niður á bringu. Brotþoli sagðist í framhaldinu hafa staðið upp og hlaupið út úr herberginu. Aðspurður neitaði brotþoli að hafa haft uppi tilburði til þess taka öxina af ákærða áður en hann sló hann samkvæmt framansögðu.

Í kafla IV hér að framan er áverkum brotþola ítarlega lýst með vísan til vottorða D, sérfræðings á slysa- og bráðadeild Landspítala, E, heila- og taugaskurðlæknis, og F réttarmeinafræðings og framburðar þeirra fyrir dómi. Samkvæmt þeim liggur fyrir að brotþoli var við komu á slysa- og bráðadeild meðal annars með brot á höfuðkúpu, sem var undir 7 cm skurði er lá frá miðju enni hans og að hársrót. Telur dómurinn ljóst samkvæmt nefndum gögnum að umræddur áverki hafi verið á þeim stað brotþoli ber og

lýsti með látbragði fyrir dómi að öxi hafi komið í höfuð hans. Þá samrýmist áverkni hægra megin á brjóstkassa brotaþola lýsingum hans á því hvernig öxin hafi fyrst komið í höfuð hans en síðan hrokkið niður á bringu hans og skorið hann þar. Vitnið D, sérfræðingur á slysa- og bráðadeild Landspítala, sem skoðaði brotaþola við komu á deildina að kvöldi 31. október 2020, bar fyrir dómi að fyrrgreindur áverkni á höfði brotaþola hefði mjög trúlega komið til vegna höggs þar sem það þyrfti „...jú dálítið högg til að brjóta höfuðkúpu.“ E, heila- og taugaskurðlæknir, sem fékk brotaþola til meðferðar í kjölfar komu hans á slyshadeild, sagði í vottorði sínu að um stórhættulegan áverka hefði verið að ræða fyrir líf og heilsu brotaþola en að betur hefði farið en raunin hefði getað orðið. Í skýrslu sinni fyrir dómi sagði læknirinn höfuðáverka brotaþola sem slíkan hafa sett hann í lífshættu en það að ekki hefði orðið meira úr blæðingu en raun bar vitni hefði gert það að verkum að brotaþoli var ekki í lífshættu þegar nokkrar klukkustundir voru liðnar frá því hann hlaut áverkann. Spurður um hvort beita þyrfti afli til þess að brjóta höfuðkúpuna með öxi svaraði læknirinn því til að það þyrfti „... að vera einhver sveifla á henni.“ Þá kemur fram í matsgerð F réttarmeinafræðings að myndir af stærri og efri skurði á enni brotaþola, lýsingar meðferðarlæknis á bráðamóttöku og frásögn brotaþola bentu sterklega til þess að um hefði verið að ræða tvíþættan kraft, annars vegar sljóan kraft og hins vegar skarpan kraft, sem oft sæist við högg með þungu eggvopni, til dæmi öxi. Í viðbótarsvari réttarmeinafræðingsins við matsgerðina segir síðan að telja megi að þurft hafi töluverðan kraft til að valda slíkum áverka sem samanstæðið hafi af 7 cm löngum skurði í gegnum höfuðleðrið með undirliggjandi opnu höfuðkúpubroti, örliðlu lofti innanvert í höfuðkúpu og blæðingu undir, og mögulega yfir, heilabastinu. Ólíklegt megi teljast að nægur kraftur hafi getað myndast til að valda áverkanum við það að brotaþoli hafi lent með höfuðið á öxinni. Það sé mun líklegri skýring að meiri hreyfing hafi verið á öxinni og hún lent af krafti á höfði brotaþola og að um hafi verið að ræða aktífan kraft. Þá kemur fram í matsgerðinni að áverkinn á höfði brotaþola, með undirliggjandi opnu höfuðkúpubroti, blæðingu undir heilabastinu og mögulega einnig yfir heilabastinu, hafi án læknisfræðilegrar meðferðar getað þróast til lífshættulegs ástands. Fyrir dómi bar F, sérstaklega spurð út í þann framburð ákærða að brotaþoli hefði hlotið áverkann á miðju enni við það að öxi hefði hrokkið í höfuð hans þegar hann og ákærði voru að takast á um hana kvaðst hún telja það frekar ósennilegt. Tók réttarmeinafræðingurinn fram fram í því sambandi að til þess að rjúfa bæði yfirborð húðarinnar og valda beinbroti þyrfti

umtalsverðan kraft. Skýringar ákærða væri þó ekki hægt að útiloka, frekar en annað í réttarlæknisfræði.

Brotapoli hefur frá upphafi verið staðfastur í þeim framburði sínum að ákærði hafi slegið hann með öxi í höfuðið. Þá hefur hann alfarið vísað á bug þeim skýringum ákærða að öxin hafi rekist í höfuð hans í átökum þeirra á milli. Framburður brotþola þess efnis að um beina atlögu ákærða að honum hafi verið að ræða fær að mati dómsins stoð í vottorðum þeirra sérfræðinga sem rakin hafa verið og framburði þeirra fyrir dómi. Þá telur dómurinn mega slá því föstu með vísan til framburðar brotþola, og ákærða sjálfs að nokkru, að skömmu áður en öxi fór í höfuð brotþola hafi brotþoli skemmt mun sem ákærða var kær og að sá síðarnefndi hafi komist í uppnám vegna þess. Að þessu og öðru framangreindu heildstætt virtu þykir dómnum sannað með staðföstum framburði brotþola og þeim gögnum sem honum eru til stuðnings samkvæmt framansögðu, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi, á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir, af ásetningi, lagt til brotþola með öxi þannig að öxin kom í höfuð hans og hrökk síðan niður á brjóstakassa hans með þeim afleiðingum að brotþoli hlaut opinn 7 cm skurð frá miðju enni að hársrót, brot á höfuðkúpu og andlitsbeinum, áverkainnanbastsblæðingu og 5 cm skurð hægra megin á brjóstakassa. Dómurinn telur aftur á móti ósannað að ákærði hafi lagt ítrekað til brotþola. Þá þykir einnig ósannað að ákærði hafi valdið brotþola frekari áverkum en þegar hefur verið slegið föstu samkvæmt framansögðu. Verður ákærði því sýknaður af þeim sakargiftum.

Með vísan til framangreindrar niðurstöðu dómsins þykir ekkert haldbært hafa komið fram í málinu sem skotið getur stoðum undir þá málsvörn ákærða að atлага hans að brotþola verði talin honum refsilaus á grundvelli neyðarvarnar. Með sömu rökum verður hafnað þeirri málsvörn ákærða að árásin hafi verið unnin í áflogum eða átökum milli hans og brotþola. Árás ákærða var gerð með vopni sem augljóslega er til þess fallið að bana manni með, sé reitt til höggs af afli, eins og dómurinn telur sannað samkvæmt framansögðu að ákærði hafi gert. Hlaut ákærða að vera þetta ljóst og verður að virtum gögnum málsins að telja að hending ein hafi ráðið því að ekki hlaut bani af atlögunni. Samkvæmt þessu og öðru framangreindu telur dómurinn að ákærði hafi með háttsemi sinni brotið gegn 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæruliður 2:

Í þessum ákærulið er ákærða gefið að sök vopnalagabrot, með því að hafa haft í vörslum sínum hníf með 17 cm blaði, hníf með 13,5 cm blaði, tvo kasthnífa, fjaðrahníf og sverð, sem lögregla lagði hald á við leit í herbergi ákærða.

Samkvæmt því sem rakið er í II. kafla dómsins hefur ákærði játað sök samkvæmt ákærulið 2. Játning ákærða samrýmist gögnum málsins. Því telst sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er þar gefin að sök og er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

VI

Svo sem rakið er í kafla IV.C hér að framan var G, geð- og embættislæknir, dómkvaddur undir rannsókn málsins til þess að framkvæma geðrannsókn á ákærða og liggur matsgerð hans, dagsett 25. nóvember 2020, frammi í málinu. Um það álitaefti hvort ákærði hafi verið sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á verknaðarstundu segir í niðurlagi matsgerðarinnar að ákærði hafi miðað við sögu verið undir áfengisáhrifum á verknaðarstundu en einnig í vissum fráhvörfum frá lyfinu Rivotril. Hann hafi hins vegar getað lýst atburðarás og þeirri ætlan sinni að koma árásarþola (*brotapola*) út úr herbergi sínu. Ákærði hafi séð fyrir sér að hann gæti komið brotþola út vegna líkamlegra burða sinna. Ákærði hafi séð fyrir sér að mögulega myndi brotþoli slasast en hann ekki gert ráð fyrir þeirri atburðarás sem síðar hafi orðið. Matsmaður telji í ljósi þessa liggja fyrir að 15. gr. almennra hegningarlaga eigi ekki við í málinu.

Hvað það álitaefti varðar hvort ástand ákærða hafi á verknaðarstundu 31. október 2020 verið með þeim hætti að 16. gr. almennra hegningarlaga hafi átt við um hann og hvort refsing geti borið árangur vísar matsmaður til þess að fyrir liggi að ákærði sé með ... Miðað við sögu ákærða hafi ofbeldishegðun hans fyrst og fremst tengst neyslu hans á áfengi og í ljósi þess að hann viti hvað hann var að gera og hvað hann ætlaði sér miðað við lýsingu endurtekið fyrir matsmanni verði að ætla að refsing geti borið árangur, enda ljóst að haldist ákærði frá áfengi og/eða vímuefnum sé hættan af honum verulega minni. Þá telji matsmaður ljóst að refsing geti borið árangur eins og ákærði lýsi líðan sinni 2. og 3. nóvember 2020. Ætla verði að fari svo að hann verði dæmdur til fangelsisvistar myndi hann haldast endrú og þannig fá umtalsverða bót gagnvart hvatvísi sinni og það stuðlað að því að hann kæmist á réttari braut til framtíðar.

Að framansögðu gættu telur dómurinn að matsgerð G, geð- og embættislæknis, gefi ekki tilefni til að telja að ákvæði 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða 1.

mgr. 16. gr. sömu laga geti átt við um hagi ákærða. Dómurinn telur ákærða því sakhæfan og verður honum gerð refsing.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins á ákærði nokkurn sakaferil að baki. Þannig var hann með dómi Héraðsdóms Reykjaness 7. júní 2013 dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir brot gegn valdstjórninni, hótanir og vopnalagabrot, en fullnustu þriggja mánaða af refsingunni var frestað skilorðsbundið í þrjú ár. Hinn 27. júní 2016 gekkst ákærði undir sektargerð lögreglustjóra vegna vopnalagabrota. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 15. mars 2017 var ákærði dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir þjófnað og gripdeild. Þá var ákærði með dómi Héraðsdóms Reykjaness 9. október 2020 dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir fíkniefna- og vopnalagabrot, þjófnaði, hótanir, brot gegn lögreglulögum, gripdeild og eignaspjöll, en fullnustu fimm mánaða af refsingunni var frestað skilorðsbundið í tvö ár.

Brot ákærða voru framin eftir uppsögu dóms Héraðsdóms Reykjaness frá 9. október 2020. Samkvæmt því ber, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, að taka skilorðshluta dómsins upp og ákvarða ákærða refsingu í einu lagi.

Þótt áfengisneysla ákærða hafi að líkindum átt þátt í verknaði hans hefur það ekki áhrif á ákvörðun refsingar fyrir brotið, sbr. 17. gr. og 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing fyrir brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga skal samkvæmt ákvæðinu að lágmarki nema fimm ára fangelsi. Þó er heimilt ef um tilraunarverknað er að ræða að fara niður fyrir þá lágmarksrefsingu, sbr. ákvæði 2. mgr. 20. gr. sömu laga. Að málsatvikum öllum virtum þykir með vísan til þess ákvæðis mega fara niður úr nefndri lágmarksrefsingu 211. gr. Samkvæmt því og öðru framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 1. nóvember 2020 til og með 22. janúar 2021, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga

VII

Í málinu krefst brotþoli miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 5.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 31. október 2020, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi er liðinn var mánuður frá birtingu bótakröfunnar.

Samkvæmt framansögðu hefur dómurinn slegið því föstu að ákærði hafi, sbr. ákærulið 1, brotið gegn brotþola svo varði við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði bakað sér

bótaábyrgð gagnvart brotþola á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Bætur fyrir miska skulu ákvarðaðar eftir því sem sanngjarnt þykir og við mat á fjárhæð þeirra skal einkum líta til alvarleika brotsins, sakarstigs brotamanns, huglægrar upplifunar brotþola og loks umfangs tjónsins. Ljóst er að brot ákærða hafði mikla hættu í för með sér og olli brotþola alvarlegum áverkum. Samkvæmt því og að því virtu sem annars er rakið um áverka brotþola hér að framan þykja miskabætur honum til handa hæfilega ákvarðaðar 1.500.000 krónur. Um vexti og dráttarvexti af kröfunni fer svo sem í dómsorði greinir, en krafan var birt ákærða 4. júní 2021.

Við þingfestingu málsins var Inga Lillý Brynjólfsdóttir lögmaður skipuð réttargæslumaður brotþola í málinu. Við upphaf aðalmeðferðar var Anna Krístrún Einarsdóttir lögmaður síðan skipuð réttargæslumaður í hennar stað. Vegna þessa eru ekki lagaskilyrði til þess að dæma brotþola málskostnað úr hendi ákærða, sbr. ákvæði 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, heldur verður réttargæslumönnum ákveðin þóknun samkvæmt fyrirmælum 1. mgr. 48. gr. sömu laga.

VIII

Með vísan til sakfellingar ákærða samkvæmt báðum liðum ákæru, gagna málsins og tilgreindra lagaákvæða í ákæru verða gerð upptæk þau vopn og aðrir munir sem krafist er upptöku á af hálfu ákæruvalds í málinu og tilgreindir eru í ákæru.

Eftir úrslitum málsins verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærði greiði því þóknun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar lögmanns, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Önnu Krístrúnar Einarsdóttur lögmanns, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola á fyrri stigum málsins, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns. Þóknun verjanda og réttargæslumanna þykir að virtu umfangi málsins og með hliðsjón af tímaskýrslum lögmannanna hæfilega ákveðin svo sem í dómsorði greinir. Þá greiði ákærði 999.262 krónur í annan sakarkostnað.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Fyrir uppsögu dómsins var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Dómsorð:

Ákærði, Davíð Nikulásson, sæti fangelsi í fjögur ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingu ákærða kemur gæsluvarðhald sem hann sætti frá 1. nóvember 2020 til 22. janúar 2021 að fullri dagatölu.

Ákærði greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar lögmanns, 1.931.920 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Önnu Krístrúnar Einarsdóttur lögmanns, 424.080 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola á fyrri stigum málsins, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 188.480 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Ákærði greiði 999.262 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði sæti upptöku á hníf með 17 cm blaði, hníf með 13,5 cm blaði, tveimur kasthnífum, fjaðrahníf, sverði, skotgeymi, tveimur skotum og þremur öxum.

Ákærði greiði brotþola, Y, 1.500.000 krónur ásamt vöxtum af þeirri fjárhæð samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 31. október 2020 til 4. júlí 2021, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Kristinn Halldórsson